



Reykjavík, 10. nóvember 2025
VEL25100072

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytingu á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk (NPA)

Á fundi velferðarráðs þann 5. nóvember 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 3. nóvember 2025, um breytingu á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk (NPA):

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk:

Ákvæði um gildistíma reglnanna, sem nú er til 31. desember 2025, verði felld brott og að gildistími reglnanna verði ótímabundinn (27. gr.).

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkar velferðarráðs styðja að gildistími NPA-reglnanna verði gerður ótímabundinn til að tryggja réttindi og samfellu í þjónustu fyrir notendur.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglubreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Sigprúður Erla Arnardóttir
Skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafar

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingu á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk (NPA), lögð fram á fundi velferðarráðs 5. nóvember 2025.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk (NPA)

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk:

Ákvæði um gildistíma reglnanna, sem nú er til 31. desember 2025, verði felld brott og að gildistími reglnanna verði ótímabundinn (27. gr.).

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð:

Lögð er til breyting á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk á þann veg að ákvæði um gildistíma þeirra verði felld brott og að gildistími reglnanna verði ótímabundinn. Í 27. gr. reglnanna er nú kveðið á um að reglurnar gildi til 31. desember 2025.

Gildistími reglnanna var afmarkaður til 31. desember 2025 þar sem unnið hefur verið að frekari breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk. Þá hafði félags- og vinnumarkaðsráðuneytið (nú félags- og húsnæðismálaráðuneytið) upplýst um að unnið væri að nýrri reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð en áætlað var að reglugerðin yrði kynnt í samráðsgátt stjórnvalda um mitt ár 2025. Breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð hafa enn ekki verið lagðar fram en samkvæmt upplýsingum velferðarsviðs standa nú yfir viðræður milli félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins hvað varðar aðkomu þess síðarnefnda að notendastýrðri persónulegri aðstoð. Líklegt er að í kjölfar breyttrar reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð þurfi að gera frekari breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð.

Þar sem óljóst er hvenær breytingar á reglugerð um notendastýrða persónulega aðstoð verði lagðar fram er lagt til að ákvæði um gildistíma í reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði felld brott og þær gerðar ótímabundnar. Með því er tryggt að ekki verði þjónusturof hjá þeim einstaklingum sem þegar hafa fengið þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Núgildandi 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk er svohljóðandi:



27. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og gildistími þeirra er til 31. desember 2025.

Lagt er til að 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði svohljóðandi:

27. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðlast gildi við birtingu.

Samhliða tillögu þessari eru einnig lagðar til frekari breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð til samræmis við gildandi framkvæmd reglnanna.

Jafnréttisskimun hefur verið framkvæmd í tengslum við þær breytingar sem lagðar eru til á reglum Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

